


**Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2020****IÐTE1VB04(AV)**

<b>Kennari</b>	<b>Sólveig Sveinbjörnsdóttir <a href="mailto:solveig.sveinbjornsdottir@fss.is">solveig.sveinbjornsdottir@fss.is</a></b>
<b>Viðtalstími</b>	Þriðjudagar 13:00-13:40
<b>Kennsluefni</b>	Grunnteikning verkefnamappa fæst í bóksölu FS (Grunnteikning 3 Útgefandi lönú, Reykjavík.) Nánari upplýsingar frá kennara.
<b>Áfangalýsing</b>	Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist almenna undirstöðuþekkingu og þjálfun í teiknifræðum. Áfanginn skiptist í þrjá megin efnisþætti. Í fyrri efnisþætti er fjallað um fallmyndun, næst verður farið í fríhendisteikningu og loks flatarteikningu og yfirborðsútfatninga. Gert er ráð fyrir að nemendur öðlist færni í lestri og gerð vinnuteikninga, gerð flatarmynda og útfatninga og rissun fríhendisteikninga. Nemendur skulu öðlast færni í meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda, myndrænni vinnu með viðfangsefni starfsgreina, lestri teikninga og fá grunnþjálfun í gerð vinnuteikninga og útfatninga. Áfanginn er undirbúningur fyrir fagbundið nám í teiknifræðum og lestri vinnuteikninga.

<b>Áhöld og efni</b>	T-stíka eða teiknibretti fyrir A3 blöð Teiknihorn: 45°/45°/90°, og 30°/60°/90° (meðalstór u.þ.b. 25 - 30 sm.) (Reglustíka u.þ.b. 25 - 30 sm.) Teikniblýantur HB (Fallblýantar og H, 3H blý, eða samsvarandi tréblýantar) Yddari Strokleður (Línuveiðari) Límband (málarateip) ef nemandi er ekki með teiknibretti Góður hringfari (sirkill) Rúðustrikuð blöð (reiknisblöð/rissblöð)
----------------------	---

<b>Námsmat og vægi námsmatsþátta</b>	Áfanginn er símatsáfangi sem byggist á verkefnavinnu og tímaverkefnum sem gilda 70% og könnunum og kaflaprófum sem gilda 30%.  Til að standast áfangann þarf nemandinn að skila öllum tímaverkefnum og að ná að lágmarki 5,0 úr kaflaprófum. Skila á tímaverkefnum til kennara í lok hvefrrar viku, árituðum (með penna) þar sem fram kemur nafn viðkomandi og dagsetning þess dags sem skilað er (vanskil hefur áhrif á einkunnargjöf). Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem tilgreind eru á kennsluáætlun og fá þau samþykkt af kennara.
--------------------------------------	--

<p><b>Þekking</b></p> <p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• upplýsingamiðlun og tæknilegum teikningum.</li><li>• hornréttum fallmyndum ásamt sneiðmyndum af einföldum hlutum.</li><li>• málsetningu og hlutföllum teikning.</li><li>• þrívíðum teikningum og sönnum stærðum skurðflata.</li><li>• reglum, stöðlum og venjum sem gilda um vinnuteikningar.</li></ul>	<p><b>Hæfni</b></p> <p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: lesa teikningar.</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• vinna einfaldar tæknilegar vinnuteikningar og einfaldar þrívíðar teikningar.</li><li>• finna sannar stærðir útflatninga og teikna þrívíð form og finna sannar stærðir skurðarflata.</li><li>• undirbúa sig fyrir fagbundið teikninám og annað fagnám starfsgreina, s.s. hönnunar- og iðngreina.</li></ul>
<p><b>Leikni</b></p> <p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• nota teikni- og mæliáhöld.</li><li>• gera vinnuteikningar með teikniáhöldum af einföldum hlutum með hornréttum fallmyndum og sneiðmyndum.</li><li>• hugsa af nákvæmni um og vinna myndrænt með viðfangsefni starfsgreina, s.s. hönnunar og iðngreina.</li><li>• gera útflatningsmyndir og finna raunstærðir skurðarflata á sívalningum, keilum og fleiri þrívíðum formum.</li><li>• skipuleggja, árita og ganga frá einföldum tæknilegum teikningum og miðla upplýsingum á skilvirkan hátt.</li></ul>	



## Virðing, samvinna og árangur

*Viðmið um fjölda eininga	
Einingar	Tímafjöldi í vinnu meðalnemanda í áfanga
1 fein	18 - 24 klst
2 fein	36 - 48 klst
3 fein	54 - 72 klst
4 fein	72 - 96 klst
5 fein	90 - 120 klst

<b>Reglur áfangans:</b>	Samkvæmt aðalnámskrá er skyldumæting í alla tíma. Nemendur hafa tvo daga til þess að gera athugasemdir við viðveru (fjarvistir sínar)! Ath. einstök verkefni hafa ekki sama vægi! (vægi verkefna hækkar eftir því sem þau verða viðameiri).
-------------------------	---

<b>Annað sem kennari vill láta koma fram:</b>	Kennari áskilur sér rétt til þess að vísa nemanda út úr kennslustund komi nemandi án námsgagna og áhalda í tíma. Slökkt skal vera á farsímum í kennslustund!
---	--

Vinnuáætlun		
Tímasókn	15 vikur x 4 klst	60 klst
Undirbúningur og frágangur	15 vikur x 2 klst	30 klst
Undirbúningur fyrir kannanir	3 x 2 klst	6 klst
<b>Alls</b>		<b>96 klst = 4 fein*</b>

*Virðing, samvinna og árangur*

<b>Kennsluvikur</b>	<b>Áætluð yfirferð námsefnis</b>	<b>Skil á verkefnum</b>
<b>1. vika</b> 24. - 28. ágúst	Kynning Fallmyndun	1,2,4,5,6 Teikniskrift 1
<b>2. vika</b> 31. ágúst - 4. sept.	Fallmyndun	9,10,13,15,16 Teikniskrift 2
<b>3. vika</b> 7. - 11. september	Fallmyndun	18,19,20,22,25,27 Teikniskrift 3 Könnun
<b>4. vika</b> 14. - 18. september	Fallmyndun	28,31,33,35,41 Teikniskrift 4
<b>5. vika</b> 21. - 25. september	Fallmyndun	44,50,51,54,60,63.
<b>6. vika</b> 28. sept. - 2. október	Fallmyndun	64,67,68, 69,75,76
<b>7. vika</b> 5. -9. október	Fallmyndun	79, 82, 83
<b>8. vika</b> 12. – 16. október	Fríhendisteikning	Verkefni fríhendisteiknig
<b>9. vika</b> 19. - 23. október <b>vetrarleyfi</b>	Flatarteikning kynning	1,2,3a,4,5
<b>10. vika</b> 26. - 30. október	Flatarteining	7,8,9,12,13,15
<b>11. vika</b> 2. - 6. nóvember	Flatarteikning	18,19,20,21,23,24 Könnun
<b>12. vika</b> 9. - 13. nóvember	Fallmyndun II Útflatningar	1, 2, 3, 4, 5
<b>13. vika</b> 16. -20. nóvember	Fallmyndun II Útflatningar	7, 8, 9, 12, 16
<b>14. vika</b> 23. - 27. nóvember	Fallmyndun II Útflatningar	17, 20, 23, 24, 25
<b>15. vika</b> 30. nóv. - 4. desember	Fallmyndun II Útflatningar	33, 34, Könnun og möppuskil

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

*Sólveig Sveinbjörnsdóttir*

*Fjölbrautaskóli Suðurnesja*

*Virðing, samvinna og árangur*

*Fjölbrautaskóli Suðurnesja*